



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Borgarnesi 05.06 2024

Skrifstofa Alþingis – nefndarsvið
b.t. fjárlaganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni; Umsögn um tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til ársins 2030

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi(SSV) sem er samstarfsvettvangur allra sveitarfélaganna á Vesturlandi frá Hvalfirði til Gilsfjarðar, fagna því að nú sé komin fram þingsályktunartillaga um ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun í ferðamálum til ársins 2030.

Samtökin lýsa einnig yfir ánægju með það að þessi stefnumótun hafi verið unnin í virku samtali og samráði við hagaðila í greininni og stoðkerfi hennar um allt land.

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi gera engar beinar athugasemdir við þessa þingsályktunartillögu, en vilja leggja áherslu á að mjög mikilvægt er að þær aðgerðir og verkefni sem ráðist verður í á grundvelli þessarar stefnumótunar verði vel skilgreind hvað varðar tilgang, hlutverk og ábyrgðaraðila og þau verði fullfjármögnuð. Það á við um alla þætti hvers verkefnis; undirbúning, þróun, framkvæmd, eftirfylgni og rekstur.

Samtökin benda einnig á að mjög mikilvægt er að festa í sessi starfsemi Áfangastaðastofa í hverjum landshluta. Nauðsynlegt er að tryggja fjármögnun á Áfangastaðastofunum með langtímasamningum, sem eru í samræmi við þau verkefni sem þeim er ætlað að vinna, hvort heldur sem er í sínum landshluta eða fyrir áfangastaðinn Ísland, bæði í samstarfi við Ferðamálastofu, Íslandsstofu og aðrar Áfangastaðastofur um allt land, auk samvinnu við aðra aðila sem starfa í stoðþjónustu ferðamála.

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi vilja einnig minna á að mikilvægt er að tryggja sveitarfélögum sanngjarnar tekjur af komum ferðafólks til landsins. Það er nauðsynlegt til að sveitarfélögin geti staðið undir auknum útgjöldum vegna innviðauppyggingar og þjónustu sem aukin umferð og þarfir ferðafólks kallar á, svo sem til að stuðla að náttúruvernd, öryggismálum og jákvæðri upplifun bæði gesta og heimafólks.

f.h. Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi